



NsN hópurinn á ferð í Noregi



Hlutverkasetur, Borgartúni 1, 105 Reykjavík
Sími: 517 3471 og 695 9285
Netfang: hlutverkasetur@hlutverkasetur.is
Heimasíða: www.hlutverkasetur.is

NsN

Notandi spyr Notanda
upplýsingarit



www.hlutverkasetur



Hvað er NsN aðferð?

NsN stendur fyrir orðin *notandi spyr notanda* og er gæðaþróunarverkefni sem snýr að geðheilbrigðisþjónustu. Í NsN starfa rannsakendur, sem hafa notendareynslu af þjónustunni, þeir afla gagna og vinna úr þeim. NsN aðferðin byggist á jafningjagrunni og eigindlegum rannsóknaraðferðum en það þýðir að í viðtölum við þjónustugefa eru ekki lagðar fyrir formlegar spurningar heldur á sér stað samtal eða spjall um kosti og galla þeirrar þjónustu sem viðmælandinn er að fá á þeim tíma.

Upphafið

Rannsóknarverkefnið var innleitt á Íslandi árið 2004 eftir norskri fyrirmynd og var tilnefnt til forsetaverðlauna sem eitt af áhugaverðustu nýsköpunarverkefnum námsmanna 2004. Verkefnið gefur notendum geðheilbrigðisþjónustunnar tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á breytingar í þjónustunni. Auk þess taka notendur þátt í framkvæmd verkefnisins sem hluta af starfsendurhæfingu.

Upphaf íslenska verkefnisins hófst á norrænni iðjuþjálfaráræðingum í Þrándheimi 1999. Elín Ebba Ásmundsdóttir hreyfist af norðmanninum Dagfinn Björgen, sem sagði frá gæðaþróunarverkefni „Bruker spør bruker“, sem útfært var af notendum. Verkefnið var sett á laggirnar í kjölfar tíu ára geðheilbrigðisáætlunar sem Norðmenn gerðu 1998, sjá nánar: www.brukererfaring.no Verkefnið er enn í gangi og þegar þetta er skrifað hafa verið gerðar 19 NsN úttektir í Noregi og annar hópurinn ekki eftirspurn.

Í Noregi er það lögfest að þjónustuveitendur sem hljóta opinbera styrki verða að gera reglulegar notendaúttektir, annars fá þeir ekki áframhaldandi fjárveitingu. Afrakstur norska verkefnisins hefur verið hvatning fyrir þá sem starfa innan geðheilbrigðisþjónustunnar og vilja veita þjónustu í samræmi við þarfir og vilja notenda. Elín Ebba reyndi að koma hugmyndinni strax að hér heima en margar hindranir urðu í vegi hennar. Til að gera langa sögu stutta þá tók Garðar Jónasson, heitinn,

Áherslur NsN

- Eftirfylgd
- Að raddir notenda heyrist
- Gefa tækifæri til umræðna milli hópi
- Jafna valdahlutföll
- Virk þátttaka í stefnumótun og þróun þjónustu
- Að sinna landsbyggðinni

Rannsóknarskýslur

2005 Notandi spyr notanda – nýtt atvinnutækifæri fyrir geðsjúka

2010 Samfélagsþegn eða aumingi

2011 Skref í rétta átt

Skýrslurnar eru birtar í heild sinni á heimasíðu. www.hlutverkasetur.is

Símatími NsN er á miðvikudögum frá kl. 13 – 15 í síma 517 3471

Einnig má biðja fyrir skilaboð aðra daga.

Hægt er að hafa samband með tölvupósti á netföngin:

nsn@hlutverkasetur.is

audna@hlutverkasetur.is

bergthor@hlutverkasetur.is, sími 824 5315



Nordplus samstarf við Norðmenn

Fyrir tilstuðlan Nordplus styrks 2010 komust á tengsl milli norska hópsins *Bruger spør Bruger* og NsN hópsins. Norski hópurinn heimsótti Ísland í október 2010. Haldin voru námskeið og fundað var með ráðamönnum um mikilvægi NsN rannsókna og þess að skapa velmetin störf fyrir einstaklinga með skerta starfshæfni. Málþing var haldið þar em verkefnið og framtíðaráætlanir hópanna voru kynnt fyrir 100 gestum. Íslenski NsN hópurinn fór síðan í vinnuferð til Þrándheims í júní 2011. Þar voru tengslin styrkt, námskeið haldin og framtíðarplön rædd.



Norski hópurinn *Bruger spør Bruger* í heimsókn á Íslandi

Verkefni 2011-2012

Áframhaldandi úttektir á búsetukjörnum og þjónustu á vegum Reykjavíkur. Haldnir verða fræðslufundir fyrir notendur búsetukjarna og starfsmenn. Nýliðar verða þjálfaðir og áframhald verður á þátttöku í málþingum um valdeflingu, réttindum og skyldum bótaþega svo og námskeiðshaldi .

fv. meðlimur Hugarafis, hugmyndina upp á sína arma. Sæunn Stefánsdóttir, fv. aðstoðarmaður Jóns Kristjánssonar, heilbrigðisráðherra, gaf verkefninu brautargengi ásamt Nýsköpunarsjóði námsmanna. Sjá nánar á heimasíðu Hlutverkaseturs, www.hlutverkasetur.is

Starfsmenn NsN

Fimm starfsmenn starfa í NsN, það eru :Auðna Ýrr Oddsdóttir, Bergþór G. Böðvarsson, Jón Ari Arason, Kári Auðar Svansson og Védís Drafnardóttir.

Ábyrgðamaður NsN verkefnisins og samstarfsaðili er Elín Ebba Ásmundsdóttir,

framkvæmdastjóri Hlutverkaseturs, iðjuþjálfari og dósent við Háskólann á Akureyri.



Þróun NsN úttekta á Íslandi

Styrkir frá heilbrigðisráðuneytinu og nýsköpunarsjóði námsmanna

Fyrsta NsN úttektin á Íslandi var gerð á þremur geðdeildum Landspítalans árið 2004. Tveir iðjuþjálfanemar fengu styrk í gegnum heilbrigðisráðuneytið og nýsköpunarsjóð námsmanna til að þjálfar og undirbúa notendur. Tíu meðlimir Hugarafis tóku þátt í verkefninu. Niðurstöður og tillögur voru sendar gæðaráði geðsviðs. Enn er verið að vinna eftir ábendingum sem þar komu fram.

Helstu niðurstöður: Viðmælendur voru sérstaklega ánægðir ef þeir fengu viðtöl við lækna, sálfræðinga og verðug verkefni að takast á við, sem ekki var sjálfgefið. Upplýsingar skorti varðandi úrræði, kvartað var undan iðju- og hreyfingaleysi og skortur var á stuðningi við aðstandendur og eftirfylgd að lokinni útskrift.

Samningar við félags- og tryggingamálaráðuneytið

Í lok árs 2006 gerði félags- og tryggingamálaráðuneytið samning við Hlutverkasetur, m.a. um NsN úttektir á búsetukjörnum fyrir geðfatlaða. Úttektir voru gerðar á 8 búsetukjörnum á forræði ráðuneytisins á árunum 2007-2009. Haldnir voru starfsdagar þar sem íbúum, starfsfólki og aðstandendum voru kynntar niðurstöðurnar og tillögur að útbótum. Starfsdagar vour aftur haldnir að ári liðnu til að fygja eftir úrbótum.

Helstu niðurstöður: Íbúar upplifðu að færni þeirra og geta hefði aukist eftir flutning í nýja búsetu. Viðhorf starfsmanna til íbúanna og hvort þeir náðu að vinna í anda valdeflingar var það sem skipti íbúana höfuðmáli. Margir íbúar voru að kljást við lært hjálparleysi eftir langvarandi dvöl á stofnunum. Reynsla og þekking starfsfólks í tengslum við geðsjúkdóma virtist hvorki skila sér í meiri ánægju á meðal íbúa né hjálpaði þeim við að öðlast meiri virkni eða sjálfstæði.

Úttekt á dagþjónustu

Árið 2009 var rannsakað, með NsN aðferðinni, upplifun og reynsla fólks, með geðraskanir, á stöðu þeirra í samfélaginu sem og reynslu þeirra af geðheilbrigðisþjónustunni. Í þeirri rannsókn var leitað til viðmælenda sem stunda dagþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og einnig valinna úrræða á landsbyggðinni sem tengjast geðheilbrigðisþjónustunni.

Helstu niðurstöður: Viðmælendahópurinn skiptist í tvennt. Annar hópurinn hafði gefið upp von um að ná bata en hinn hópurinn stefndi á að ná heilsu og verða „virkir“ í samfélaginu á ný. Niðurstöður bentu til að þörf væri á fjölbreyttum úrræðum fyrir breiðan hóp fólks og koma þyrfti á virku stuðningsneti. Leggja þyrfti meiri áherslu á styrkleika en veikleika fólks og endurskoða fjárhagsstöðu þessa hóps með tilliti til félagslegrar einangrunar. Þrátt fyrir opnari umræðu þessa málaflökks í samfélaginu virðast fordómar, mismunum og virðingaleysi vera Þrándur í Götum þessara einstaklinga.

Samningar við Reykjavíkurborg

Í lok ársins 2010 gerði Reykjavíkurborg samning við Hlutverkasetur um að NsN aðferðin yrði notuð til úttektar á þremur búsetukjörnum á þeirra vegum, ásamt fræðslufundum fyrir íbúa og starfsmenn og stuðning við aukna samfélagsþátttöku íbúa. Fjallað var um valdeflingu, andlegt ofbeldi, meðvirkni, réttindi og skyldur og eigin fordóma. Starfsmenn og íbúar gátu óskað eftir hvatningu, stuðningi og eftirfylgd varðandi ýmiss úrræði sem í boði voru. Þá hafa verið haldin námskeið um stjórnmal og knattspyrnuhópur myndaður.

Helstu niðurstöður: Starfsfólkið fékk góðar umsagnir þar sem markmiðum íbúanna um að finna fyrir öryggi og skjóli og fá aðstoð við daglegar athafnir var uppfyllt. Íbúar upplifðu jafnframt að þeim væri mætt án fordóma og unnið með þeim á jafningjagrunni.



Starfsmenn NsN og forstöðumenn búsetukjarna, sem gerð var úttekt hjá 2011

Önnur verkefni

Starfsmenn NsN hafa kynnt niðurstöður rannsókna og tekið þátt í málþingum um valdeflingu og réttindamal í samvinnu við velferðaráðuneytið, Háskólann á Akureyri, Rauða kross Íslands, Virk og sveitarstjórnir víða um land. Hafa málþing verið haldin á eftirfarandi stöðum: Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum, Höfn, Sauðakróki, Húsavík, Suðurnesjum, Hafnafirði, Neskaupsstað, Vestmannaeyjum, Selfossi, Borgarnesi, Akranesi, Grundarfirði og Sauðárkróki. Starfsmennirnir NsN hafa verið fyrirmyndir fyrir aðra, í sömu stöðu, um það á hvern hátt er hægt að auka samfélagsþátttöku og virkni notenda.